

**Nd.**

**236. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um lán handa Suðurfjarðahreppi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin álitur, að ekki verði komist hjá því að veita þessum hreppi lán. Virðist komið í svo mikið óefni í þessu máli, að það sje skylda landssjóðs að hjálpa hreppnum fram úr þeim vandræðum, einkum þar sem óviðráðanlegir atburðir hafa hamlað því, að rafveitan kæmist í framkvæmd. Veltur á svo miklu fyrir þetta hreppsfelag, að ekki liggi alveg nytjalaust það stórfje, sem þegar er lagt í þetta fyrirtæki, að svo virðist, sem Alþingi fái ekki undan skotist að veita nokkra aðstoð, enda eru allir hlutir, sem til framkvæmda þarf, komnir á rafveitustöðv-arnar, samkvæmt yfirlýsingu hreppsnefndar. Vantar þá ekkert annað en fje til þess að rafveitan geti tekið til starfa.

Þótt nefndin telji sjálfsagt að hlaupa hjer undir bagga, þá finst henni enga nauðsyn bera til þess að lána hreppnum alla þá upphæð, sem líkur eru til að þurfi til þess að rafveitan geti hafið starf sitt. Telur hún eðlilegt, að sjálfir hrepps- búar leggi eitthvað beinlínis af mörkum, enda munu vera þar efnamenn, svo að þeim ætti ekki að verða skotaskuld úr því.

Þá þykir nefndinni afborgunartími lánsins oflangur, og vill því stytta hann nokkuð, en í stað þess vill nefndin leyfa lánið afborgunarlaust fyrstu 2 ár- in. Munu þau verða erfiðust fyrir fyrirtækið, og því notagott að þurfa ekki að hafa þá miklar útborganir.

Enn skal það tekið fram, að verði brtt. nefndarinnar samþ., þá eru það að eins 10 þúsund krónur, sem í raun og veru eru alveg ný lánsheimild. Fímtán þúsund krónur voru áður lofaðar frá 1915. Nefndin vill leggja áherslu á, að lán þetta alt verði veitt þegar á þessu sumri.

Samkvæmt framanrituðu leyfir nefndin sjer að bera fram þessa

## BREYTINGARTILLÖGU.

Tillagan orðist þannig:

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að lána Suðurjarðahreppi í Barðastrandarsýslu 25000 krónur til þess að fullgera rafveituna á Bildudal. Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5%, sje endurborgunarlaust fyrstu 2 árin, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 30 árum.

Alþingi, 27. maí 1918.

Pjetur Jónsson,  
form.

Magnús Pjetursson,  
skrifari og framsögumaður.

Matth. Ólafsson.

Jón Jónsson. Þorleifur Jónsson. Sigurður Stefánsson.

Bjarni Jónsson frá Vogu.